

## Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Ár 2023, fimmtudaginn, 23. nóvember, var haldinn 44. fundur íbúaráðs Miðborgar og Hlíða. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð og hófst kl. 16.32. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, Geir Finnsson, Hanna Björk Valsdóttir, Kolbrún Jarlsdóttir og Sigrún Tryggvadóttir. Eftirtaldir fulltrúar í íbúaráði Miðborgar og Hlíða tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Sandra Hlíf Ocares, Sigfús Ómar Höskuldssonar og Þórey Björk Sigurðardóttir. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem sat fundinn með rafrænum hætti.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um rútuumferð í miðborginni. MSS22030200  
Samþykkt að fela formanni að undirbúa tillögu fyrir næsta fund ráðsins.  
  
Dóra Björt Guðjónsdóttir og Grétar Mar Hreggviðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer umræða um uppbyggingu á reitum A og J á Hlíðarenda. MSS23110114
3. Fram fer umræða um gjaldskyldu á bílastæði í miðborginni. MSS23080043
4. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 15. nóvember 2023, með umsagnarbeiðni um stafræna stefnu. SN150530
5. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 16. nóvember 2023, með umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg um tillögu að hverfisskipulagi í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi. SN150530  
Frestað.
6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. október 2023, um auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis fyrir tímabundna skiptistöð Strætó. USK23090029  
Samþykkt að fela formanni í samráði við ráðið að skila umsögn fyrir tilskilinn frest þann 14. desember nk.
7. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. október 2023, um auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 5 við Egilsgötu. USK23080131  
Frestað.
- kl. 18.01 víkur Hörður Heiðar Guðbjörnsson af fundi.
8. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. október 2023, með útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september varðandi Skólavörðuholt – breyting á deiliskipulag – Barónstígur 34 – Vörðuskóli – Ævintýraborgir. USK23060009
9. Lögð fram umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 10. nóvember 2023, um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýs landspítala við Hringbraut. USK23060174

10. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. október 2023, við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um skólalóð Austurbæjarskóla, sbr. 15. liður fundargerðar ráðsins frá 27. apríl 2022. USK22050008
11. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
12. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS2303015

Samþykkt að veita Eddu Ýr Garðarsdóttur styrk að upphæð kr. 200.000 vegna verkefnisins Veður (Milli himins og jarðar) með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, fulltrúa íbúasamtaka, Sigrúnar Tryggvadóttur, fulltrúa foreldrafélaga og slembivalins fulltrúa gegn einu atkvæði fulltrúa Sjálfstæðisflokks. Fulltrúi Viðreisnar og fulltrúi íbúasamtaka, Sigfús Ómar Höskuldsson sitja hjá við afgreiðslu umsóknarinnar.

Samþykkt að hafna umsókn Foreldrafélags Háteigsskóla vegna verkefnisins Árshátíð unglिंगadeildar Háteigsskóla með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar, fulltrúa foreldrafélaga, Þóreyjar Bjarkar Sigurðardóttur og slembivalins fulltrúa gegn einu atkvæði fulltrúa íbúasamtaka Sigfúsar Ómars Höskuldssonar. Fulltrúi íbúasamtaka, Sigrún Tryggvadóttir og fulltrúi foreldrafélaga, Hanna Björk Valsdóttir sitja hjá við afgreiðslu umsóknarinnar.

Samþykkt að hafna umsókn Totelly ehf vegna verkefnisins 101 Offers and Requests Exchange events. Fulltrúi íbúasamtaka, Sigfús Ómar Halldórsson situr hjá við afgreiðslu umsóknarinnar.

Bókun fulltrúa íbúasamtaka, Sigfúsar Ómars Höskuldssonar færð í trúnaðarbók.

Þessi liður fundarins er lokaður með vísan til 7. gr. samþykktar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar.

#### **Fundi slitið kl. 18:45**

Geir Finnsson  
Sandra Hlíf Ocares

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson

Sigrún Tryggvadóttir  
Sigfús Ómar Höskuldssonar  
Hanna Björk Valsdóttir  
Þórey Björk Sigurðardóttir  
Kolbrún Jarlsdóttir